

# Vormót ÍSS 2023

Mótshaldari: Skautasamband Íslands og Skautafélag Akureyrar  
Dagsetning: 24.-26. mars 2023  
Staðsetning móts: Skautahöllin á Akureyri  
Mótsstjóri ÍSS: Þóra Sigríður Torfadóttir  
Aðstoðarmótsstjóri: Ingibjörg Magnúsdóttir og Karen Halldórsdóttir



## Keppnisflokkar

Keppnislína ÍSS	Félagalínuflokkar
Senior Women/Men	6 ára & yngri
Junior Women/Men	8 ára & yngri
Advanced Novice Girls/Boys	10 ára & yngri
Intermediate Women/Men	12 ára & yngri
Intermediate Novice Girls/Boys	14 ára & yngri
Basic Novice Girls/Boys	15 ára & eldri
Cubs Girls/Boys	25 ára & eldri
Chicks Girls/Boys	
<b>SO/AS einstaklingar</b>	<b>SO/AS unified pör og ísdans</b>
Level I	Level I
Level II	Level II
Level III	Level III
Level IV	Level IV
Level V	Level V
Level VI	Level VI

### Keppnisreglur sem notaðar verða:

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU, útgefnum reglum ÍSS ([Keppnisreglur ÍSS](#)).  
Keppniskerfi félaganna, notast við Stjörnukerfi. Keppniskerfi Special Olympics og Adaptive Skating notast við stjörnukerfi SO/AS.  
Grunnpróf gilda í öllum flokkum til þátttöku á ÍSS mótum.  
Mótið er hluti **Bikarmótaraðar ÍSS 2022-2023**.

### Dómarakerfi sem notuð verða:

Kerfi A       Kerfi B       Kerfi C       Kerfi D       Kerfi E

## Skráning og skil gagna

**Félag sendir inn tilkynningu um liðsstjóra:** Félag þarf að senda inn tilkynningu um liðsstjóra í seinasta lagi viku fyrir mót, 17. mars.  
Liðsstjórar hvers félags mega vera allt að tveir.  
Eingöngu skráðir liðsstjórar hafa leyfi til þess að fara inn á keppnissvæði. Einn liðsstjóri er leyfður á keppnissvæði í einu  
Upplýsingar um liðsstjóra sendist á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) og [motanefnd@iceskate.is](mailto:motanefnd@iceskate.is)  
Athugið að senda þarf bæði nöfn og símanúmer.

**Þjálfarar:** Félag þarf að senda inn tilkynningu um starfandi þjálfara á mótinu í seinasta lagi viku fyrir mót, 17. mars.  
Eingöngu skráðir þjálfarar hafa leyfi til þess að fara inn á keppnissvæði mótsins. Upplýsingar um þjálfara sendast á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) og [motanefnd@iceskate.is](mailto:motanefnd@iceskate.is)

### Skráning keppenda:

Keppendur ÍSS Keppnislínu skrá þátttöku í Sportabler. Skráning opnar á [www.sportabler.com/shop/iceskate](http://www.sportabler.com/shop/iceskate) þann **21. febrúar kl.09:00**  
Keppendur í Félagalínu og Special Olympics / Adaptive Skating skulu skráðir af sínu félagi á þar til gert eyðublað.  
Skráning og greiðsla keppnisgjalda skulu berast eigi síðar en **7. mars 2023** í tölvupósti til [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)  
Á eyðublaðinu skal koma fram fullt nafn keppanda, kennitala, keppnisflokkur og keppnisgjald.

Keppnisgjald að fjárhæð kr. 4.500 skal greiðast fyrir hvern keppanda eigi síðar en 7. mars 2023.

Skráningarfrestur er til **kl.23:59 þann 7. mars.**

Skráning á æfingar fer fram í gegnum Sportabler. Skráningarfrestur á æfingar er til **kl.23:59 þann 15. mars.**

**Ekki er tekið við skráningum á mótið eftir að skráningarfrestur er liðinn.**

**Innihaldslýsingar:** Innihaldslýsingum skal skila á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) ekki seinna en **7. mars.**

Skila þarf inn innihaldslýsingum fyrir alla keppendur sem keppa í fyrsta sinn á tímabilinu eða eru með breytt keppnisprógram.

Félag viðkomandi keppanda skilar innihaldslýsingum á þar til gerðu eyðublaði.

**Tónlist:** Tónlist keppenda skal senda rafrænt á mp3 formati á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is). Ekki er hægt að taka við tónlist á öðru formati. Skilafrestur er til **7. mars.**

Skila þarf inn tónlist fyrir alla keppendur sem keppa í fyrsta sinn á tímabilinu eða eru með breytta tónlist. Félag keppenda sendir tónlist til ÍSS. Keppendur skulu vera með afrit af tónlist sinni á keppnisdag á USB lykli.

**Athugið: Ef streymt er frá móti, ber að hafa í huga að sé tónlist ekki skilað á tilgreindum tíma er mögulegt að slökkt verði á hljóði í útsendingu vegna höfundarréttarmála.**

**Keppnisgjöld:**

Keppnisgjöld skulu greiðast við skráningu á mótið

Keppnisgjald í keppnislínu ÍSS greiðist í gegnum Sportabler og er gjaldið:

7.500 kr. fyrir eitt prógram.

11.250 kr. fyrir tvö prógröm.

Keppnisgjald í keppnislínu félaganna og Special Olympics / Adaptive Skating er 4.500 kr.

Greiða skal inn á reikning ÍSS: 0111-26-122344 kt.560695-2339 eigi síðar en 7. mars 2023

Vinsamlegast setjið í skýringu: Vormót ÍSS, keppnisgjöld félags.

Staðfesting greiðslu sendist á [gjaldkeri@iceskate.is](mailto:gjaldkeri@iceskate.is)

Forfallist keppandi fæst helmingur keppnisgjalda endurgreiddur sé þess óskað, áður en æfingar hefjast á föstudegi. Beiðni um endurgreiðslu sendist á [gjaldkeri@iceskate.is](mailto:gjaldkeri@iceskate.is).

Beiðni sem berst eftir að æfingar hefjast fær ekki afgreiðslu.

Æfingagjald er 1.000 kr. fyrir hverja æfingu. Tekið er á móti greiðslu fyrir æfingar í gegnum Sportabler. Æfingagjöld fást ekki endurgreidd.

## Upplýsingar um mót

**Birting keppendalista:** Keppendalisti verður birtur á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is) eftir að skráningu er lokað.

**Útdráttur:** Dregið verður í keppnisröð á skrifstofu ÍSS þann **22.mars** og keppnisröð birt á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is).

**Birting úrslita:** Úrslit verða birt á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is).  
Úrslit í flokkum Chicks og Cubs verða ekki birt. Prótokol keppenda Chicks og Cubs verða prentuð út af yfirdómara og afhent þjálfara hvers félags í lok móts.  
Í keppnisflokkum 6, 8 og 10 ára og yngri eru ekki gefin upp verðlaunasæti.

### Verðlaun og þátttökuviðurkenningar:

Veittar verða þátttökuviðurkenningar í flokkum Chicks og Cubs og 6, 8 og 10 ára og yngri. Í öllum öðrum flokkum eru veitt verðlaun fyrir þrjú (3) efstu sætin.  
Mótið er hluti **Bikarmótaraðar ÍSS 2022-23**.

### Drög að dagskrá:

**Föstudagur:** Opnar æfingar 16:10-17:50  
**Laugardagur:** Keppni félagalína og SO/AS 8:00-12:00  
Keppni ÍSS lína 12:30-16:00  
Opnar æfingar 16:30-17:30  
**Sunnudagur:** Keppni félagalína og SO/AS 8:00-12:00  
Keppni ÍSS lína 12:00-15:00

ATH. Nánari drög að dagskrá munu berast 2.vikum fyrir mót.

**Forföll:** Forföll skal tilkynna til mótsstjóra á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

**Persónuverndarákvæði (GDPR)**

*Með skráningu á mótið gerir skautari og/eða forráðamaður sér grein fyrir því að upplýsingar um gegni skautara á mótinu eru gerðar opinberar og geymdar hjá Skautafélagi Akureyrar Lifthlaupadeild og Skautasambandi Íslands. Þá gerir skautari/forráðamaður sér grein fyrir að teknar eru ljósmyndir af skauturum á mótinu og þær birtar opinberlega og mögulega í fjölmiðlum.*

**Fyrir hönd mótshaldara:**

Mótsstjóri: Þóra Sigríður Torfadóttir

Dags: 16.febrúar 2023

Netfang: [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

Símanúmer: 696-6532